



22. febrúar 2015

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis, Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Ályktun Ferðaklúbbsins 4x4 - Frumvarp til laga um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum

Ferðaklúbburinn 4x4 hefur athugasemdir við frumvar til laga um uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn

Frumvarpið varðar einkum eftirfarandi markmið og hugtök:

Markmið laga þessara er að móta og samræma stefnu um uppbyggingu, rekstur og viðhald innviða fyrir ferðamenn í þágu náttúruverndar og til verndar menningarsögulegum minjum. Það skal gert með stefnumarkandi landsáætlun til tólf ára skv. 3. gr. og þriggja ára verkefnaáætlun skv. 4. gr. sem er hluti af og innan ramma tólf ára áætlunarinnar.

- 1. Ferðamannaleið (Skilgreind leið sem tengir saman ferðamannastaði. Ferðamannaleiðir geta verið gönguleiðir, reiðleiðir og reiðhjólaleiðir.*
- 2. Ferðamannastaður: Skilgreindur staður sem hefur aðdráttarafl fyrir ferðamenn vegna náttúru hans og sögu.*
- 3. Ferðamannasvæði: Skilgreint landsvæði sem ferðamenn sækja vegna náttúru þess og sögu og tekur til fleiri en eins ferðamannastadar.*
- 4. Innviðir: Innviðir í þágu náttúruverndar og til verndar menningarsögulegum minjum sem gera kleift að taka á móti ferðamönnum og draga úr skemmdum eða öðru álagi á náttúruna, svo sem göngustígar, pallar, göngubrýr, áningarstaðir, merkingar, salerni, varsla, umgengnisreglur o.fl.*

Hugtökin Ferðamannaleið, Ferðamannastaður, Ferðamannasvæði og Innviðir eru umfangsskilgreining verkefnisins ásamt því að tiltekið er nokkrir að tilteknir hagsmunaaðilar skulu koma að stefnumótun og verkefnum.

Ferðaklúbburinn 4x4 hefur eftirfarandi athugasemdir:

1. Ferðaklúbburinn fagnar því að með markvissum og skipulögðum hætti verði staðið að uppbyggingu innviða fyrir ferðamenn. Þetta er mikilvægt framfaraskref.
2. Til hagsmunaaðila eru taldir opinberir aðilar en tiltekið að verkefnisstjórn skal leita eftir samráði og farlegri aðstoð hjá fleiri aðilum. Þar er eingöngu um að ræða samráð og umsagnir. Þetta er óviðunandi, það þarf að hafa fulltrúa stærstu hagsmunaaðila í verkefnisstjórn verkefnisins. Stærstu hagsmunaaðilar á Íslandi – aðrir en tilteknir í frumvarpi - eru Samút.
3. Frumvarpið á ágæta hugmynd í því að skilgreina ferðamannaleiðir sem allt annað en vélknúin ökutæki (gönguleiðir o.s.fr) en hugmyndin fellur um leið og Ferðamannasvæði er skilgreint sem svæði sem tekur til fleiri en eins ferðamannastaðar þá fellur hugmyndin. Það er ekki hægt að vinna með stefnumótun vegna ferðamennsku án þess að taka samgöngur (vegi og slóða) inn í myndina. Þetta varðar til dæmis spurninguna hversu góða vegi og slóða viljum við hafa á og milli ferðamannastaða með tilliti til þeirrar sérstöðu sem þeir hafa í dag. Þetta hefur bein áhrif á alla umfjöllun um stefnumótun vegna þessara staða. Til dæmis til skýringa :
Markmiðasetning og stefnumótun varðandi verkefni í Þórsmörk tengist beint ákvörðunum um hvernig eða hvort staðið verður að endurbótum á veginum frá Seljalandi, inn í Þórsmörk, þannig að stærri fólksbílar geti einnig ekið í Þórsmörk. Það verður að horfa heildstætt á viðfangsefnið.
4. Í frumvarpinu er tiltekið að verkefni undir verkefnisstjórn miði að endurbótum grunn innviða ferðamannþjónustu. Þetta gæti til dæmis náð til salernisaðstöðu, á landi einkaaðila. (3. og einkum 8. Grein), þar sem einkaaðilar geta jafnvel tekið gjald fyrir aðgang (ekki útilokað í frumvarpinu). Það er ekki ásættanlegt að einkaaðilar geti selt aðgang og þjónustu á eignarlöndum en síðan þarf ríki og sveitarfélög að sjá um og reka salernisaðstöðu og stíga, á sama stað. Aðgangur að þessum stöðum verður að vera að fullkomlega gjaldfrjálts.
5. Í frumvarpinu er ekki fjallað með skýrum hætti um fjármögnun verkefnisáætlunar. Þegar svo er þá er betur heima setið, það er ekki gott að setja tíma og orku í áætlanir og stefnumótun ef fjármögnun er ekki skýr.

Reykjavík, 22. febrúar 2014
Fyrir hönd stjórnar Ferðaklúbbsins 4x4



Sveinbjörn Halldórsson
Formaður Ferðaklúbbsins 4x4